

Ed. **4. Frumvarp til laga** [4. mál]

um breyting á lögum nr. 70 13. maí 1966, um heimild fyrir rikisstjórnina að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands h.f. til kaupa á millilandaflugvél.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Nú er lánveitandi opinber erlend lánsstofnun, og má þá ábyrgð samkvæmt 1. málsgrein vera sjálfskuldarábyrgð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A thugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Flugfélag Íslands á nú kost á láni hjá Export-Import bankanum í Washington til kaupa á flugvél þeirri, sem um ræðir í lögum þessum. Samkvæmt reglum bankans verður að vera sjálfskuldarábyrgð á því láni. Er því með frv. þessu farið fram á heimild Alþingis til að veita slíka ábyrgð.